

## L Ö G

28

4. febr.

## um gjald af kvikmyndasýningum.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Sveitarstjórnnum (bæjarstjórnnum og hreppsnefndum) er heimilt að leggja sérstakt gjald á kvikmyndasýningar, aðrar en sýningar íslenzkra kvikmynda og fræðslukvikmynda.

## 2. gr.

Gjaldið má vera allt að 10% af aðgangseyri að kvikmyndasýningum, þegar frá honum hefur verið dreginn álagður skemmtanaskattur, enda séu þá eigendur kvikmyndahúsanna undanþegnir sætagjaldi.

## 3. gr.

Gjaldið skal ákvarðað af sveitarstjórn, sem einnig setur nánari reglur um gjald-daga þess og annað, er að innheimtu lýtur.

## 4. gr.

Gjaldinu skal varið til menningar- og líknarmála í viðkomandi sveitarfélagi, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

## 5. gr.

Gjald samkvæmt lögum þessum má innheimta með lögtaki.

Ef gjaldandi lætur ekki í té upplýsingar, sem skipta máli um innheimtu gjalds-ins, skal hann sæta allt að 500 króna dagsektum. Brot gegn lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim varða sektum, allt að 10 000 krónum.

Með mál, sem rísa kunna vegna brota á lögum þessum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá numin úr gildi lög nr. 34 22. nóv. 1918, að því leyti sem þau eiga við kvikmyndasýningar.

*Gjört í Reykjavík, 4. febrúar 1952.***Steingrímur Steinþórsson.****Jón Pálmason.**  
(L. S.)**Jón Ásbjörnsson.***Steingrímur Steinþórsson.*